

# Reglur Rangárþings ytra um framlög til stjórnmalasamtaka er bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga

Í 5.gr. laga nr. 162/2006 er fjallað um skyldu sveitarfélaga til að styrkja stjórnmalasamtök:

## 5. gr. Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum.

Sveitarfélögum er skylt að veita stjórnmalasamtökum sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar ár hvert. Fjárhæðinni skal úthlutað ár hvert í hlutfalli við atkvæðamagn.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga setur viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmdri framkvæmd á greiðslum framlaga frá sveitarfélögum til stjórnmalasamtaka samkvæmt þessari grein. Reglurnar skal taka til endurskoðunar árlega. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórnmalasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.

Á grundvelli 5.gr. laga nr. 162/2006 eru reglur Rangárþings ytra um framlög eftirfarandi.

- Fjárframlag til stjórnmalasamtaka skal ákvarðað í fjárhagsáætlun ár hvert og skal eigi nema lægri fjárhæð en 470.000 kr. á ári. Miða skal almennt við, nema annað sé ákveðið í fjárhagsáætlun, að hækkunin nemi breytingum á vísitölu neysluverðs með upphafsvísitölu í janúar ár hvert. Úthlutun fer fram til þeirra stjórnmalasamtaka sem hlotið hafa a.m.k. 5% atkvæða eða einn mann kjörinn í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum. Skal framlagi hvers árs úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn. Úthlutun framlaga skal greidd út 1. september ár hvert.
- Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skal úthlutað helmingi árlegs framlags fyrir kosningar til samræmis við niðurstöðu næstliðinna sveitarstjórnarkosninga. Úthlutun framlaga fyrir þennan þátt fer fram 1. maí. Eftir kosningar er síðari helmingi framlagsins úthlutað í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum, sbr. 1. tl.
- Á kosningarári til sveitarstjórna greiðist að auki til þeirra framboða sem skila inn löglegum framboðum til sveitarstjórnar fjárhæð sem nemur sömu upphæð og fram kemur í 1. tl. Skulu framlögin skiptast að jöfnu milli allra þeirra framboða sem bjóða sig fram. Greiðsla fer fram þegar kjörstjórn sveitarfélagsins hefur staðfest gildi framboðanna.
- Stjórnmalasamtök sem hljóta styrk skv. 1.-3. tl. skulu árlega birta ársreikning sinn á opinberum vettvangi. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skulu stjórnmalasamtök sem hljóta styrk skv. 1.-3. tl. gera grein fyrir kostnaði við framboð til sveitarstjórnarkosninga á opinberum vettvangi í síðasta lagi fimm mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar, sbr. IV. kafli laga nr. 162/2006.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. apríl 2024